


Ársskýrsla Keilusambands Íslands

2019-2020



27. þing KLÍ
22. ágúst 2020



DAGSKRÁ 27. ÞINGS KLÍ

laugardaginn 22. ágúst 2020

Félagsheimili KR við Frostaskjól, 107 Reykjavík

Dagskrá:

- 1 Þingsetning.
- 2 Kosnir fastir starfsmenn þingsins
- 3 Kosnar fastanefndir:
 - a) Kjörbréfanefnd.
 - b) Fjárhagsnefnd.
 - c) Laga- og leikreglnanefnd.
 - d) Allsherjarnefnd.
 - e) Kjörnefnd.Nefndir þessar eru skipaðar 3 mönnum hver.
- 4 Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- 5 Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar.
- 6 Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
- 7 Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið.
- 8 Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.

ÞINGHLÉ

- 9 Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
 - 10 Önnur mál.
 - 11 Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
 - 12 Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
 - 13 Þingslit.
-

SKÝRSLA STJÓRNAR KEILUSAMBANDS ÍSLANDS – KLÍ

Frá 12. maí 2019 – 22. ágúst 2020

27. ársþing KLÍ haldið af Knattspyrnufélagi Reykjavíkur í félagsheimili KR að Frostaskjóli 2,
107 Reykjavík

STJÓRN KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

<i>Formaður</i>	Jóhann Ágúst Jóhannsson
<i>Varaformaður</i>	Hafþór Harðarsson
<i>Gjaldkeri</i>	Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir
<i>Ritari</i>	Ingi Geir Sveinsson
<i>Meðstjórnandi</i>	Einar Jóel Ingólfsson
<i>Varamenn:</i>	Stefán Claessen Stefán Ingi Óskarsson Björn Kristinsson

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Jón Grímsson
Þórir Ingvarsson

Til vara: Pétur Helgason
Hjalti Ástbjartsson

NEFNDIR OG STARFSHÓPAR

Aganefnd	Jóhann Ágúst Jóhannss. <i>form.</i> Stjórn KLÍ	Kerfisstjóri	Þórhallur Hálfðánarsson
Mótanefnd	Geirdís Hanna Kristjánsdóttir Guðmundur Konráðsson Svavar Þór Einarsson Einar Jóel Ingólfsson	Unglinganefnd	Jónína Magnúsdóttir Regína Aðalsteinsdóttir
Tækninefnd	Björn Guðgeir Sigurðsson Hafþór Harðarson Guðmundur Sigurðsson Stefán Claessen	Upplýsinganefnd	Jóhann Ágúst Jóhannsson
Starfsmaður KLÍ:	Þórarinn Már Þorbjörnsson	Landsliðsnefnd:	Valgeir Guðbjartsson Hörður Ingi Jóhannsson Sigurður Þ. Guðmundsson Theódóra Ólafsdóttir
		Íþróttastjóri KLÍ:	Theódóra Ólafsdóttir Kristján Ó. Davíðsson



INNGANGUR

Þingforseti, kærur keilarar. Ég vil byrja á að þakka keiludeild KR fyrir að hýsa 27. ársþing Keilusambands Íslands hér í KR heimilinu.

Nú er þessu óvenjulega keiluári að ljúka með Ársþingi sem er mun seinna en lög gera ráð fyrir en það er auðvitað vegna Covid-19 aðstæðna. Þær spiluðu nokkuð stóra rullu í tímabilið hjá okkur og ekki síst á alþjóðavettvangi þar sem hverju mótinu á eftir öðru var frestað eða aflýst.

Hér í þessari ársskýrslu er að venju farið yfir helstu mál er varða mótin okkar, ársreikningur birtur, skýrslur nefnda o.s.v.fr. Af öðru sem ekki kemur fram og vert er að nefna hér í þessu ávarpi má fyrst taka til að á þingi Evrópusambands keilunnar, sem fram fór í München í júní í fyrra, var Valgeir Guðbjartsson kjörinn varaforseti sambandsins. Það er að sjálfsögðu mikil viðurkenning fyrir hans störf í þágu keilunnar bæði hér heima og í álfunni. Valgeir er vel að þeim heiðri kominn.

Strax eftir þing í München fór fram EMC 2019. Þar bar það helst til tíðinda að Andrés Páll Júlíusson ÍR komst í Masters keppnina. Stórglæsilegt hjá Andrési. Mikil vinna hefur farið í störf A liðs karla undir röggsamri stjórn Robert Anderson. Ég þykist vera fullviss um það að A hópur karla hefur há markmið fyrir komandi Evrópumót, sem reyndar er búið að fresta til janúar á næsta ári. Það hefur verið spennandi að fylgjast með undirbúningi Roberts aðalþjálfara og hans manna fyrir það mót.

Á vormánuðum 2019 sagði Dóra upp störfum sem Íþróttastjóri KIÍ. Eftir umræðu í stjórn var ákveðið að auglýsa opinberlega eftir áhugasömum aðilum í starfið. Þó nokkrar umsóknir bárust en aðeins ein frá virkum keilara, allar aðrar umsóknir voru frá aðilum utan keilunnar. Eftir yfirferð umsókna og viðtöl var ákveðið að ráða Kristján Ó Davíðsson til starfa en hann er m.a. virkur innan íþróttahreyfingarinnar í gegn um Hauka í Hafnarfirði. Tók hann til starfa í júlí 2019.

Hápunktur okkar í keilunni síðastliðið tímabil er og verður árangur Arnars Davíðs Jónssonar úr Keilufélagi Reykjavíkur. Arnar sigraði með glæsibrag Evróputúrinn, fyrstur Íslendinga. Það er óþarfi hér á okkar vettvangi að fjalla um í einstökum smáatriðum afrek Arnars, við þekkjum þau öll enda höfum við öll fylgst vel með honum. Það sem er skemmtilegt að segja hér frá er hins vegar hve mikill áhugi íþróttafréttamanna vaknaði á keilunni við þennan árangur hans. Þau voru ófá símtöl og tölvupóstar sem undirrituðum barst þar sem fréttamenn vildu skrifa eitthvað um hann, fá hann í viðtal, vita meira um keilu sem íþrótt o.s.v.fr. Ég hugsa að sjaldan hafi keila ratað eins oft og í eins marga fjölmiðla og á síðasta ári.

Eðlilega varð því lítill vafi á því hver yrði fyrir valinu sem karl keilari ársins 2019 hjá sambandinu. Stjórn tók þá ákvörðun, þar sem Arnar býr erlendis, að bjóða honum heim til að vera viðstaddan þegar kjör á Íþróttamanni ársins yrði gert kunnugt. Við ákváðum að veðja, ekkert sérlega hár stuðull á því veðmáli, að Arnar kæmi vel til greina í því kjöri. Það kom á daginn að undirrituðum barst fyrirspurn í byrjun desember frá Tómasi Þór Þórðarsyni formanni Samtaka íþróttafréttamanna hvort að Arnar yrði ekki örugglega viðstaddur þar sem hann væri meðal efstu 10 í þessu kjöri. Arnar endaði í 5. sæti í þessu kjöri en hefði átt að vera miklu ofar en svona er þetta. Keilan komst þó rækilega í fréttirnar vegna afreka Arnars og þreytumst við ekkert á því að óska honum enn og aftur til hamingju með árangurinn.

Það var orðið ljóst fyrir upphaf síðasta tímabils að ánægjuleg fjölgun yrði í keilunni en Íþróttafélagið Ösp kom inn í tímabilið með bæði karla- og kvennalið. Það er mér persónulega



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

mikill heiður og án efa okkar allra að fá þau inn í deildarkeppnina og þar með sem virka þátttakendur í störfum KLÍ. Þjóðum við þau því formlega velkomin í keilusamfélagið.

Í september í fyrra fóru út nokkur lauflett „gamalmenni“ og tóku þátt á HM öldunga fyrir Íslands hönd í fyrsta sinn. Öldungar eru víst 50+ aldurinn í keilunni en gaman er að við séum farin að taka þátt í því móti sem og EM 50+. Fór undirritaður með sem þjálfari og sótti um leið Alheimssþing keilunnar sem haldið var á South Point hótelinu í Las Vegas. Þar var hinn finnski Perttu Jussila í mótframboði gegn Sheikh Talal M Al Sabah en sá finnski hafði ekki erindi sem erfiði. Ljóst er þó að mínu mati að búið sé að hrista svolítið upp í World bowling og gætu verið spennandi tímar framundan þar t.d. með aðkomu Andy Oram sem framkvæmdastjóra Alheimssambandsins.

Í nóvember var komið að okkur Íslendingum að halda Norðurlandamót ungmenna - U23. Til landsins komu Finnar, Norðmenn og Svíar og kepptu hér við innfædda. Mig langar að þakka sérstaklega Unni og Þórarni fyrir þeirra aðkomu að mótinu sem og annarra sem gáfu tíma sinn til að sinna mótisstörfum, bílstjórar, dómara og eftirlitsaðilar ásamt fleirum. Það er ekki nokkur leið að halda svona viðburð nema fyrir óeigingjarnt starf fólks með brennandi áhuga á íþróttinni. Ég þakka ykkur öllum kærlega fyrir að standa svona vel að þessu fyrir KLÍ.

Í desember var komið að uppgjöri liðins árs. Eins og fram kom hlaut Arnar Davíð viðurkenninguna sem keilari ársins 2019 hjá körlum og síðan varð Ástrós Pétursdóttir ÍR valin sem keilari kvenna. Arnar hlaut auk áðurnefndra viðurkenninga sérstaka viðurkenningu frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur fyrir framúrskarandi árangur á árinu og kom hann einnig til greina sem íþróttakarl Reykjavíkur 2019.

Árið 2020 heilsaði okkur bara allt í lagi. Hópur laufletttra fór á Evrópumót öldunga (50+) sem haldið var í Austurríki um mánaðarmótin janúar febrúar. Þar náði Freyr Bragason úr KFR þeim frábæra árangri að komast inn í masterskeppnina. Keppti hann í Step 1 við Marco Spitteri frá Möltu sem hafði þó betur gegn Frey og þá var eins gott fyrir Marco að fara bara alla leið og sigra Masters keppnina, sem og hann gerði.

RIG mótið fór að venju fram og sigraði Hafþór Harðarson ÍR mótið í beinni útsendingu á RÚV. Gaman er að segja frá því að á YouTube síðu Reykjavík International Games er áhorf á úrslit keilunnar svo mikið meira en á aðrar greinar leikanna að eftir því er tekið innan íþróttasamfélagsins.

Í febrúar fóru fram vináttuleikar í Katar að vanda. Fór hópur ungmenna þar út ásamt Skúla Þjálfara og Jónínu fararstjóra. Þar náði Jóhann Ársæll Atlason ÍA sínum fyrsta 300 leik. Það varð þó ekki eini 300 leikurinn sem kom á tímabilinu. Hafþór henti í einn 300 (aftur) í október í deildinni. Þeir Andrés Páll og Jón Ingi lönduðu sitthvorum í safnið á RIG mótinu fyrr á árinu.

Í janúar varð því miður breyting á stjórn KLÍ en þá sagði Unnur sig frá stjórnar störfum. Hún hefur þó sinn áfram gjaldkerastörfum sem og bókhaldi sambandsins fram að deginum í dag. Sæti hennar í stjórn tók Stefán Claessen 2. varamaður. Það er mikil eftirsjá af Unni úr stjórn og er mér það bæði ljúft og skylt að þakka henni afskaplega vel fyrir hennar óeigingjörnu störf í stjórn og fyrir keiluna almennt á mörgum umliðnum árum. Bið ég hana um að taka hér við smá þakklætisvotti frá okkur keilurum.

Í mars hélt KLÍ ETBF Level 1 þjálfaranámskeið þar sem Stefán Claessen stýrði námskeiði en hann er með Level 1 Instructor réttindi. Var það afskaplega vel sótt og fyrsta stig hjá mörgum stigið í átt að frekari þjálfaramenntun.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Nú. Hér er kominn mars og þá hellist yfir okkur Covid-19. Við þekkjum vel þá sögu henni er ekki enn lokið. Bönn voru sett á samkomur og íþróttir og okkur var ekki annað stætt en að stöðva dagskrá og ljúka leik. Eitt af orðum ársins verður „fordómalausir tímar“ og það á réttilega við. Tímabilinu lauk allt í einu og enn þann daginn í dag er alls óljós hvernig fram horfir. Við tökum þessu þó með æðruleysi og leysum þau verkefni saman sem koma upp. Ég óska þess bara að við náum að sýna ábyrgð í verki og að við öll komum heil frá þessum tímum.

Að lokum vill ég færa þeim Kristjáni og Þórarni starfsmönnum KIÍ sem og öllum þjálfurum sambandsins þakkar fyrir þeirra störf á tímabilinu. Ég vill líka þakka stjórnarfólki fyrir samstarfið á tímabilinu og öllum þeim sem gefa tíma sinn í störf fyrir keiluna. Það er á brattan að sækja hjá okkur, ég hef ekkert komið inn á aðstöðumál í þessum pistli, en það er alveg ljóst að við verðum öll að leggjast á árar og koma keilunni áfram á betri stað. Þeim fækkar höndunum sem leggjast á árar, við verðum að fá fleiri.

Komdu með.

Jóhann Ágúst Jóhannsson
Formaður KIÍ



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEPPENDUR Í KEILU – IÐKENDUR

Á þessu keppnistímabili var keila iðkuð hjá fimm félögum frá þremur héraðssamböndum. Keppendum fjölgaði síðastliðið almanaksár um 1, en þessa fjölgun ber að þakka Íþróttafélaginu Ösp sem kom inn með 14 nýja keppendur á árinu. Það er von okkar að með bættri æfinga og keppnis aðstöðu verði hægt að auka útbreiðslu Keiluíþróttarinnar. Vonandi tekst aftur að koma upp aðstöðu til æfinga og keppni á Akureyri. Það er áhyggjuefni að iðkendum í keilu heur fækkað á síðustu 7 árum um 72. Óbreytt var í liðakeppni milli ára eða um 43 lið sem tók þátt. Tölur KIÍ og félgaða gefa e.t.v. ekki alveg rétta mynd af fjölda iðkenda. Má þar nefna keppendur í utandeild – hvort ekki megi bæði virkja þá og gera meira til að fá þá til að taka þátt í öðrum mótum. Í Utandeild var keppt í 4 riðlum eða alls 28 lið.

Tafla 1, Keilufélög og deildir,
fjöldi keppenda frá árinu 2013 skv. KIÍ

Félag / Keiludeild	Íþr. Bandalag	Stofnað	Keppendur 2013	Keppendur 2014	Keppendur 2015	Keppendur 2016	Keppendur 2017	Keppendur 2018	Keppendur 2019
Samtals			312	315	302	303	281	250	251
KFR	ÍBR	10.09.1985	63	81	85	79	77	61	54
KR	ÍBR	27.06.1990	22	24	24	21	13	7	4
ÍR	ÍBR	31.08.1994	154	149	126	134	120	119	126
KDK	ÍBR	28.08.2009							
Fylkir	ÍBR	1994							
ÍFH	ÍBR	1994	21						
KSÁÁ	ÍBR	1997							
HK	UMSK	1994							
KGB	UMSK	25.05.1989							
Keflavík	ÍRB	1995							
KFK	UMSK	01.02.2004							
KFA	ÍA	31.08.1997	38	32	37	43	45	40	34
Þór	IBA	2011	14	29	30	26	26	23	19
Ösp	ÍBR								14

Skipting milli aldurs og kynja árið 2019

	2019				2018	2017	2016	2015
	Karlar	Konur	Samtals		Samtals	Samtals	Samtals	Samtals
Undir 18	33	16	49	20%	50	63	74	72
18-50	78	45	123	49%	128	137	140	141
50 og yfir	53	26	79	31%	72	81	89	89
Samtals	164	87	251		250	281	303	302
	65%	35%						



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KEILUSALIRNIR

Mótshald á vegum Keilusambands Íslands fór fram í tveimur keilusölum í vetur:

- *Keiluhöllinni í Egilshöll, 22 brautir.*
- *Keilusalnum Akranesi, 3 brautir.*

VIÐURKENNINGAR Á TÍMABILINU

Stjórn Keilusambandsins hefur valið þau Arnar Davíð Jónsson úr Keilufélagi Reykjavíkur og Ástrós Pétursdóttir úr ÍR keilara ársins 2019.

Ástrós Pétursdóttir ÍR

Ástrós varð stigameistari á liðnu keppnistímabili á Íslandsmóti liða og varð með besta meðaltal allra í kvennadeildum á því tímabili. Ástrós var ofarlega í öllum mótum innanlands sem hún tók þátt í meðal annars varð hún í 2. sæti á Íslandsmóti einstaklinga 2019 og sömuleiðis í 2. sæti á Íslandsmóti para. Hún tók þátt í öllum verkefnum afrekshóps kvenna og meðal annars fór hún á mót í Ósló sem var hluti á Evróputúrnum. Spilaði hún þar best íslensku kvennkeilaranna.

Arnar Davíð Jónsson KFR

Arnar sigraði Evrópumótaröð keilunnar 2019 fyrstur íslenskra keilara en alls voru 13 mót á mótaröðinni í ár. Hann var eini keppandinn á mótaröðinni sem sigraði fleiri en eitt mót á tímabilinu. Hann vann Track open mótið í Þýskalandi í sumar og að auki sigraði hann á lokamóti Evrópuráðarinnar Kegel Ålaborg International þar sem hann gulltryggði sé efsta sæti mótaráðarinnar í ár. Arnar tók þátt í lokamóti Heimstúrsins Kuwait International Open í nóvember en til Kúveit var honum boðið af Heimssambandinu, World Bowling, til að leika í úrslitum heimstúrsins sem fóru fram strax að því móti loknu. Arnar gerði sér lítið fyrir og var í efsta sæti lokamótsins og tryggði sér þátttöku í úrslitaleik mótsins þar sem hann laut í lægra haldi gegn Dominic Barrett frá Englandi, margföldum PBA meistara (bandaríska mótaröðin). Arnar mætti Barrett aftur í úrslitum heimstúrsins og aftur varð Arnar í 2. sæti. Besti árangur íslensk keilara í sögunni staðfestur.

REGLULEGT MÓTSHALD KLÍ

Á þessu keppnistímabili kepptu 199 (77 konur og 122 karlar) keilarar í deildarkeppninni í samtals 43 liði og Íslandsmóti einstaklinga 2020 var frestað til haustsins 2020. Þetta er óbreyttur fjöldi liða frá árinu áður en keppendum fjölgaði um 13.

Á vegum Keilusambandsins var keppt í eftirtöldum mótum:

- Meistarakeppni KLÍ í september
- Íslandsmót 3ra manna liða í september til maí
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða í október til apríl
- Utandeild KLÍ í október til apríl
- Íslandsmót félaga í október til maí
- Íslandsmót para í nóvember
- Íslandsmót í tvímenning í október
- Íslandsmót einstaklinga með forgjöf í mars



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

- Íslandsmót einstaklinga í febrúar
- Bikarkeppni liða í nóvember til maí
- Meistarakeppni ungmenna í október til apríl
- Íslandsmót unglunga í febrúar
- Íslandsmót unglingaliða í október til apríl
- Íslandsmót Öldunga (50+) í mars – apríl

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI 2019

Mótið var haldið í október. Þátt tóku 15 tvímenningar.

1. sæti Einar Már Björnsson, ÍR og Hafþór Harðarson, ÍR.
2. sæti Gústaf Smári Björnsson, KFR og Jón Ingi Ragnarsson, KFR.
3. sæti Bjarni Páll Jakobsson, ÍR og Björn Guðgeir Sigurðsson, KFR.

MEISTARAKEPPNI KLÍ

Karlar: 1. sæti ÍR – PLS
2. sæti ÍA

Konur: 1. sæti KFR – Valkyrjur
2. sæti ÍR – TT

ÍSLANDSMÓT PARA 2019

Mótið var haldið í október. Þátt tóku 21 par. Fækkun um 1 par frá fyrra ári.

1. sæti Dagný Edda Þórisdóttir, KFR og Hafþór Harðarson, ÍR
2. sæti Ástrós Pétursdóttir, ÍR og Gústaf Smári Björnsson, KFR
3. sæti Guðný Gunnarsdóttir, ÍR og Arnar Sæbergsson, ÍR

BIKARKEPPNI LIÐA 2018 – 2019 (Keppni frestað vegna COVID19)

Karlar: 1. sæti KFR – Grænu töffararnir 2. sæti ÍA
Konur: 1. sæti KFR – Valkyrjur 2. sæti ÍR – SK

ÍSLANDSMÓT FÉLAGA

Mótið var ekki haldið á tímabilinu.

Í opnum flokk:

1. sæti
2. sæti
3. sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT DEILDARLIÐA 2019-2020 (Keppni hætt eftir 14.03.2020 vegna COVID19)

Tafla 2, deildarlið á keppnistímabilinu 2019-2020 og frá árinu 2016. Tímabilið 2015-16 tóku 46 lið þátt í deildarkeppni KIÍ

Félög	1. deild kvenna	2. deild kvenna	1. deild karla	2. deild karla	3. deild karla	Samtals '19 - '20	Samtals '18 - '19	Samtals '17 - '18	Samtals '16 - '17
KFR	3	1	4	1	1	10	10	11	11
KGB	-	-	-	-	-				
KR	-	-	-	1	-	1	1	2	4
HK	-	-	-	-	-				
ÍR	5	4	5	6	3	23	22	20	20
Þór	-	1	-	1	1	3	4	4	5
KFA	-	1	1	1	1	4	4	4	4
KFK	-	-	-	-	-				
KDK	-	-	-	-	-				
ÍFH	-	-	-	-	-				
Ösp	-	1	-	-	1	2			
Samtals	8	8	10	10	7	43	41	41	44

Alls tóku þátt í deildar keppninni veturinn 2019-2020

Konur 77 alls voru 16 lið í deildarkeppni kvenna og því 4,8 konur pr. Lið.

Karlar 122 alls voru 27 lið í deildarkeppni karla og því 4,5 karlar pr. Lið.

Úrslit í liðakeppninni var eftirfarandi:

1. deild kvenna: 1. sæti KFR – Valkyrjur **Deildarmeistarar liða 2020**
2. sæti ÍR – TT
3. sæti KFR – Afturgöngurnar

Deildarmeistarar 1. deildar: KFR – Valkyrjur

Úr 1. deild féllu ÍR – BK (7. sæti) og KFR – Skutlurnar (8. sæti)

Hæsti leikur: Linda Hrönn Magnúsdóttir (ÍR TT) 255
Hæsta sería: Nanna Hólm Davíðsdóttir (ÍR SK) 675
Hæsta meðaltal: Dagný Edda Þórisdóttir (KFR Valkyrjur) 179

Felludrottning: Nanna Hólm Davíðsdóttir (ÍR SK) 3,78

Stigameistari: Dagný Edda Þórisdóttir (KFR Valkyrjur) 0,83

Mestu framfarir: Marika Katarina E. Lönnroth (KFR Valkyrjur)

Stjörnuskjöldur: ÍR – Buff 209 Stjörnur
Hæsti leikur liðs: ÍR – TT 613
Hæsta sería liðs: ÍR – Buff 1685
Hæsta meðaltal liðs: KFR – Valkyrjur 170,28



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild kvenna: 1. sæti ÍR – Píurnar Deildarmeistarar 2. deildar 2020 2. sæti KFR – Ásynjur 3. sæti ÍR – N

Hæsti leikur:	Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir (Þór-Þrumurnar)	237
Hæsta sería:	Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir (Þór-Þrumurnar)	629
Hæsta meðaltal:	Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir (Þór-Þrumurnar)	162,98

Felludrottning: Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir (Þór Þrumurnar) 3,35

Stigameistari: Hafdis Eva Laufdal Pétursdóttir (ÍR – Píurnar) 0,78
Eyrún Ingadóttir (KFR – Ásynjur) 0,78

Mestu framfarir: Vilborg Lúðvíksdóttir (ÍA-Meyjur)

Stjörnuskjöldur:	ÍR Píurnar	123	Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR Ásynjur	564	
Hæsta sería liðs:	ÍR – BK2	1565	
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR Píurnar	153,74	

1. deild karla: 1. sæti ÍR – PLS Deildarmeistarar liða 2020 2. sæti ÍA 3. sæti KFR – Lærlingar

Deildarmeistarar 1. deildar: ÍR – PLS

Úr 1. deild féllu KFR Þröstur (9. sæti) ÍR - Fagmaður (10. sæti).

Hæsti leikur:	Hafþór Harðarson (ÍR PLS)	300
Hæsta sería:	Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR PLS)	791
Hæsta meðaltal:	Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR PLS)	220,36

Fellukóngur: Gunnar Þór Ásgeirsson (ÍR PLS) 6,97

Stigameistari: Einar Már Björnsson (ÍR PLS) 0,83

Mestu framfarir: Bjarni Páll Jakobsson (ÍR-PLS)

Stjörnuskjöldur:	ÍR – PLS	300	Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR – Grænu töffararnir	736	
Hæsta sería liðs:	ÍR – PLS	2054	
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR – PLS	209,04	



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. deild karla: 1. sæti **KR-A** Deildarmeistarar 2. Deildar 2020 2. sæti **ÍR – A** 3. sæti **Þór**

Úr 2. deild féllu ÍR-T (9. sæti) ÍR-Keila.is (10. sæti).

Hæsti leikur:	Matthías Helgi Júlíusson (KR A)	279
Hæsta sería:	Matthías Helgi Júlíusson (KR A)	749
Hæsta meðaltal:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (ÍR-A)	191,93
Fellukóngur:	Adam Pawel Blaszcak (ÍR-A)	5,00 fellur
Stigameistari:	Þorleifur Jón Hreiðarsson (ÍR-A)	0,73
Mestu framfarir:	Bjarki Sigurðsson (ÍR-Naddóður)	
Stjörnuskjöldur:	KR – A	214 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KR – A	623
Hæsta sería liðs:	KR – A	1846
Hæsta meðaltal liðs:	KR – A	179,03

3. deild karla: 1. sæti **ÍR – NAS** Deildarmeistarar 3. Deildar 2020 2. sæti **Þór – Víkingur** 3. sæti **ÍR – Land**

Hæsti leikur:	Mikael Aron Vilhelmsson (KFR Keilufélagar)	221
Hæsta sería:	Mikael Aron Vilhelmsson (KFR Keilufélagar)	602
Hæsta meðaltal:	Mikael Aron Vilhelmsson (KFR Keilufélagar)	161,91
Fellukóngur:	Mikael Aron Vilhelmsson (KFR Keilufélagar)	3,56 fellur
Stigameistari:	Björgvin Helgi Valdimarsson (ÞÓR Víkingur)	0,83
Mestu framfarir:	Hrannar Þór Svansson (KFR-Keilufélagar)	
Stjörnuskjöldur:	ÍR – NAS	98 Stjörnur
Hæsti leikur liðs:	KFR – Keilufélagar	581
Hæsta sería liðs:	KFR – Keilufélagar	1580
Hæsta meðaltal liðs:	ÍR – NAS	153,10

Íslandsmót í Tvímenningi deildarliða

Keppnin var ekki haldin á tímabilinu.

1. sæti
2. sæti
3. sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA MEÐ FORGJÖF

Íslandsmóti einstaklinga í keilu með forgjöf fór fram dagana 22. til 24. febrúar 2020. Keppt var í karla og kvennaflokki. Alls tóku 34 karlar og 21 kona þátt í mótinu, en fjölgun varð í mótinu þetta árið um 5 manns (fjölgun hjá körlum um 11, en fækkun hjá konum um 6 konur) á milli ára. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Karlaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Sigurður Þorsteinn Guðmundsson, ÍA - Íslandsmeistari karla með forgjöf 2020**
2. sæti Hrannar Þór Svansson, KFR
3. sæti Hinrik Óli Gunnarsson, ÍR

Kvennaflokkur með forgjöf:

1. sæti **Hafðís Eva Laufdal Péturdóttir, ÍR - Íslandsmeistari kvenna með forgjöf 2020**
2. sæti Valgerður Rún Benediktsdóttir, ÍR
3. sæti Laufey Sigurðardóttir, ÍR

(Mótinu frestað vegna Covid 19)

ÍSLANDSMÓT EINSTAKLINGA

Íslandsmóti einstaklinga í keilu lauk 4. apríl 2019. Keppt var í karla og kvennaflokki.

Alls tóku 54 einstaklingar þátt í mótinu 30 í karlaflokki og 24 í kvennaflokki og er það sex keppendum fleiri en árinu áður. Íslandsmeistararnir unnu sér rétt til þátttöku í Evrópubikarmóti einstaklinga sem mun fara fram í Ankara, Tyrklandi dagana 21. – 27. október n.k. Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Kvennaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Nanna Hólm Davíðsdóttir, ÍR - Íslandsmeistari kvenna 2019**
2. sæti Ástrós Péturdóttir, ÍR
3. sæti Dagný Edda Þórisdóttir, KFR

Karlaflokkur án forgjafar:

1. sæti **Gunnar Þór Ásgeirsson, ÍR - Íslandsmeistari karla 2019**
2. sæti Gústaf Smári Björnsson, KFR
3. sæti Stefán Claessen, ÍR

Verðlaunadreifing á milli félaga í Íslandsmótum einstaklinga með og án forgjafar varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull	Silfur	Brons	Samt. '20	Samt. '19	Samt. '18	Samt. '17
KFR – Keilufélag Reykjavíkur	-	1	-	1	3	6	6
ÍR – Keiludeild ÍR	1	1	2	4	7	4	3
ÍFH – Íþróttafélag Heyrnarlausra	-	-	-	-	-	-	-
KR – Keiludeild KR	-	-	-	-	-	-	1
KFA – Keilufélag Akraness	1	-	-	1	2	1	2
KDK – Keiludeild Kjalarness	-	-	-	-	-	-	-
ÞÓR – Keiludeild Þórs	-	-	-	-	-	1	0
Samtals	2	2	2	6	12	12	12



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT ÖLDUNGA

Íslandsmóti Öldunga í keilu lauk 9. mars 2020. Keppt var í karla og kvenna flokki. Þátt tóku í mótinu 11 karlar og 11 konur en vonast hafði verið eftir meiri þátttöku.

Sigurvegarar voru eftirtaldir:

Konur

1. sæti **Linda Hrönn Magnúsdóttir, ÍR – Íslandsmeistari Öldunga 2020**
2. sæti Snæfríður Telma Jónsson, ÍR
3. sæti Bára Ágústsdóttir, ÍR

Karlar

1. sæti **Freyr Bragason, KFR – Íslandsmeistari Öldunga 2020**
2. sæti Björn Guðgeir Sigurðsson, KFR
3. sæti Björn Birgisson, KFR

(Síðustu umferð og úslitum frestað vegna Covid 19)

UTANDEILD KLÍ

Utandeild KLÍ í liðakeppni 2018 lauk 9. apríl 2019. Þátt tóku 32 lið að þessu sinni og var leikið í fjórum riðlum. Landsliðsnefnd KLÍ sá um framkvæmd mótsins í vetur. Til úrslita léku Toppveitingar 1, Geirfuglar, Fjórir fræknir, Snakes on a Lane, Landsbankinn 3, LSH (Landspítalinn), Edru og Securitas. ToppVeitingar sigruðu eftir úrslitakeppni, Securitas varð í öðru sæti og Geirfuglar í þriðja sæti.

Hæsti leikur liðs: Topp Veitingar 716

Hæsta meðaltal liðs: Topp Veitingar 583,73

3. Sæti: Geirfuglar

2. Sæti: Securitas

Meistarar: Topp Veitingar



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

ÍSLANDSMÓT UNGLINGA 2020

Íslandsmóti unglunga í keilu lauk með úrslitum sunnudaginn 15. mars 2020.

Alls kepptu 31 barn og unglingar í fimm flokkum pilta og stúlkna, en fækkur varð um 1 barn á milli ára. Skipting á milli félaga var eftirfarandi:

Þátttakendur	Dr. '20	St. '20	Samtals '20	Dr. '19	St. '19	Samtals '19	Dr. '18	St. '18	Samtals '18	Samtals '17
KFR	3	2	5	4	3	7	5	6	11	11
KFA	6	5	11	6	3	9	9	4	13	12
ÍR	11	4	15	9	6	15	8	4	12	12
KR										
Þór					1	1	1	1	2	2
Samtals	20	11	31	19	13	32	23	15	38	37

Keppendur í 1. og 2. flokki léku 12 leiki í forkeppni en keppendur í 3., 4. og 5. flokki léku 8 leiki. Keppt var í opnum flokki unglunga strax á eftir úrslitum í Íslandsmóti unglunga.

Verðlaunadreifing á milli félaga í mótinu varð eftirfarandi:

Keilufélag	Gull 20	Silfur 20	Brons 20	Samt. 20	Gull 19	Silfur 19	Brons 19	Samt. 19	Samt. 18	Samt. 17	Samt. 16	Samt. 15
KFR	4	1	1	6	1	1	4	6	7	7	8	8
KFA	2	3	2	7	3	1	2	6	5	7	7	10
KR											-	-
ÍR	3	4	3	10	5	6	3	14	10	10	12	9
Þór					1	1		2	4	3	1	2
Samtals	9	8	6	23	10	9	8	28	26	27	28	29

Úrslit voru eftirfarandi:

Íslandsmeistarar í flokkum eru þeir sem eru feitletraðir.

Opinn flokkur – PILTAR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR
Aron Hafþórsson	ÍR
Matthías Leó Sigurðsson	KFA

Opinn flokkur – STÚLKUR

Íslandsmeistari unglunga í OPNUM FLOKKI

Alexandra Kristjánsdóttir	ÍR
Eyrún Ingadóttir	KFR
Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir	ÍR

PILTAR:

1. fl.	Adam Geir Baldursson	ÍR
	Hlynur Freyr Pétursson	ÍR

STÚLKUR:

1. fl.	Málfríður Jóna Freysdóttir	KFR
--------	----------------------------	-----



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

2. fl.	Hlynur Helgi Atlason Hinrik Óli Gunnarsson Aron Hafþórsson	ÍA ÍR ÍR	2. fl.	Eyrún Ingadóttir Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir Alexandra Kristjánsdóttir	KFR ÍR ÍR
3. fl.	Hrannar Þór Svansson Matthías Leó Sigurðsson Mikael Aron Vilhelmsson	KFR ÍA KFR	3. fl.	Sóley Líf Konráðsdóttir Viktória Hrund Þórisdóttir Jóhanna Dagný Óskarsdóttir	ÍA ÍA ÍA
4. fl.	Ásgeir Karl Gústafsson Ísak Freyr Konráðsson	KFR ÍA	4. fl.		

MEISTARAKEPPNI UNGMENNA 2019-2020

Meistarakeppni ungmenna hófst í október. Leiknar voru 4 umferðir og voru veitt verðlaun fyrir hverja umferð en jafnframt voru gefin stig eftir því í hvaða sæti keppandi lenti. Leikmaður safnaði stigum og eftir allar umferðirnar kom í ljós hver varð „Meistari ungmenna“ í hverjum flokki. Ekki voru veitt verðlaun yfir allt árið nema keppandi hafi keppt í meira en helming umferða. Í vetur kepptu 26 piltar og 13 stúlkur eða alls 39 börn og unglingar í mótinu. Þetta er nokkur fækkun frá fyrra ári eða 9 ungmenni. Það sem vekur athygli og þarf að skoða er að þetta er þriðja árið í röð þar sem svo mikil fækkun er á þátttöku ungmenna, en á þessum þremur árum nemur fækkunin 38 ungmenni. Fækkunin er mest í yngsu aldursflokkunum.

1. fl. pilta (1999-2001)

1.sæti	Jóhann Ársæll Atlason	ÍA	44
1.sæti	Steindór Máni Björnsson	ÍR	44
3.sæti			

2. fl. pilta (2002-2004)

1.sæti	Hinrik Óli Gunnarsson	ÍR	46
2.sæti	Adam Geir Baldursson	ÍR	37
3.sæti	Guðbjörn Joshua Guðjónsson	ÍR	30

3. fl. pilta (2005-2007)

1.sæti	Mikael Aron Vilhelmsson	KFR	46
2.sæti	Matthías Leó Sigurðsson	ÍA	40
3.sæti	Tristan Máni Nínuson	ÍR	33

4. fl. pilta (2008-2010)

1.sæti	Ísak Freyr Konráðsson	ÍA	46
2.sæti	Viktor Snær Guðmundsson	ÍR	36
3.sæti	Aron Magnússon	ÍR	25

1. fl. stúlkna (1999-2001)

1. sæti	Guðbjörg Harpa Sigurðard.	ÞÓR	34
2. sæti			
3. sæti			

2. fl. stúlkna (2002-2004)

1. sæti	Eyrún Ingadóttir	KFR	42
2. sæti	Alexandra Kristjánsdóttir	ÍR	36
3. sæti	Málfríður Jóna Freysdóttir	KFR	34
3. sæti	Sara Bryndís Sverrisdóttir	ÍR	34

3. fl. stúlkna (2005-2007)

1. sæti	Hafðís Eva Laufdal	ÍR	48
2. sæti	Sóley Líf Konráðsdóttir	ÍA	40
3. sæti	Nína Rut Magnúsdóttir	ÍA	31

4. fl. stúlkna (2008-2010)

1.sæti	
2.sæti	
3.sæti	



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

(Síðustu umferð og úslitum frestað vegna Covid 19)

ÍSLANDSMÓT UNGLINGALIÐA 2018-2019

Íslandsmóti unglingsaliða í keilu lauk með úrslitum laugardaginn 27. apríl 2018. Alls tóku 8 lið þátt í mótinu, piltar og stúlkur. Þrjú lið komu frá ÍR, þrjú frá ÍA og tvö frá KFR. Leiknar voru 5 umferðir frá október og eftir það voru spiluð úrslit. Íslandsmeistarar urðu lið ÍA 1.

Niðurstöður fyrir

úrslit:

1. sæti	KFR 1	24 stig
2. sæti	ÍR 1	24 stig
3. sæti	ÍR 2	20 stig
4. sæti	ÍA 1	18 stig
5. sæti	KFR 2	12 stig
6. sæti	ÍA 2	8 stig
7. sæti	ÍA 3	2 stig
8. sæti	ÍR 3	0 stig

Íslandsmeistarar 2019

3. sæti
2. sæti
3. sæti
1. sæti



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Afreksstarf KIÍ 2019

Á árinu 2019 var ráðinn íþróttastjóri sem er ekki tengdur keilu á Íslandi en þekkir þó vel til íþróttastarfs og starfsemi íþróttafélaga og -sambanda.

Unnið var samkvæmt afreksstefnu KIÍ og var haldinn fyrirlestur með næringarfræðingi fyrir afrekshópa sambandsins sem hluti af heilbrigðisteymisvinnu.

Afreksbúðir voru haldnar á Akranesi undir leiðsögn afreksþjálfara sambandsins.

Arnar Davíð Jónsson vann Evrópumótaröðina í keilu og var fyrsti Íslendingurinn til að gera það.

Einnig var hann fyrsti keilarinn til að vera í top 10 í kjöri íþróttamanns ársins sem samtök íþróttafréttamanna standa fyrir ár hvert.

Keilusamband Íslands tók þátt í þó nokkrum landsliðs verkefnum á vormánuðum.

Vináttuleikar Ungmenna sem haldið var í Katar í febrúar.

Þar áttum við átta keppendur. Fjóra pílta og fjórar stúlkur.

Stúlkur: Elva Rós Hannesdóttir, Sara Bryndís Sverrisdóttir, Hafdís Eva Pétursdóttir og Helga Ósk Freysdóttir.

Piltar: Guðbjörn Joshua Guðjónsson, Hinrik Óli Gunnarsson, Jóhann Ársæll Atlason og Steindór Máni Björnsson.

Leikið var í einstaklings, tvímennings og liðakeppni.

Ekki áttum við neinn á palli en árangur hjá okkur var eftirfarandi.

Einstaklingur piltar:

12. Sæti Steindór Máni Björnsson með 201.7 í meðaltal.

26. Sæti Jóhann Ársæll Atlason 155 í meðaltal.

27. Sæti Guðbjörn Joshua Guðjónsson 152.5 í meðaltal.

28. Sæti Hinrik Óli Gunnarsson með 147.8 í meðaltal.

Einstaklingur stúlkur

13. Sæti Helga Ósk Freysdóttir með 158.7 í meðaltal.

17. Sæti Sara Bryndís Sverrisdóttir með 153.7 í meðaltal.

21. Sæti Hafdís Eva Pétursdóttir með 146.5 í meðaltal.

22. Elva Rós Hannesdóttir með 142 í meðaltal.



Tvímenningskeppni piltar.

10. Sæti Jóhann Ársæll Atlason og Steindór Máni Björnsson

13. Sæti Guðbjörn Joshua Guðjónsson og Hinrik Óli Gunnarsson

Tvímenningskeppni stúlkur.

9. Sæti Elva Rós Hannesdóttir og Helga Ósk Freysdóttir

12. Sæti Hafdís Eva Pétursdóttir og Sara Bryndís Sverrisdóttir

Liðakeppni piltar.

Úrslit, 6.sæti af 9

Liðakeppni stúlkur

Úrslit, 6.sæti af 6

Samanlagt piltar.

Bestur árangur okkar: Steindór Máni Björnsson 17. Sæti af 35

Samanlagt stúlkur.

Bestur árangur okkar: Helga Ósk Freysdóttir 16. Sæti af 24

Evrópumót Unglinga haldið í Vín Austurríki 13. til 22. apríl

Þar áttum við átta keppendur fjórar stúlkur og fjóra pílta.

Stúlkur: Elva Rós Hannesdóttir, Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir, Sara Bryndís Sverrisdóttir og Hafdís Eva Laufdal Péturdóttir

Piltar: Jóhann Ársæll Atlason, Mikael Aron Vilhelmsson, Matthías Leo Sigurðsson og Steindór Máni Björnsson.

Úrslit í Tvímenning pilta: 35. Sæti Jóhann og Steindór. 44. sæti Matthías og Mikael

Úrslit í Tvímenning stúlkur: 26. sæti Hafdís og Sara og 27. sæti Helga og Elva.



Úrslit í liðakeppni Pilta: 21. sæti af 22.

Úrslit í liðakeppni Stúlkur: 12. sæti af 13.

Úrslit einstaklinga Piltar: 32. Sæti Steindór Máni Björnsson 34. Sæti Jóhann Ársæll Atlason. 82. Sæti Matthías Leo Siguðsson og 92. Sæti Mikael Aron Vilhelmsson

Úrslit einstaklinga stúlkur: 35. Sæti Hafdís Eva Laufdal Pétursdóttir. 36. Sæti Elva Rós Hannesdóttir 63. Sæti Sara Bryndís Sverrisdóttir og 65. Sæti Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir

Úrslit úr samanlögðu: Besti árangur okkar var 52. sæti Jóhann og 41. sæti Elva Rós.

Evrópumót karla haldið í Munchen Þýskalandi 6. - 17. júní 2018

Karlaliðið var þannig skipað: Arnar Davíð Jónsson, Andrés Páll Júlíusson, Einar Már Björnsson, Gunnar Þór Ásgeirsson, Gústaf Smári Björnsson, Jón Ingi Ragnarsson

Fyrst var keppt í einstaklingskeppni, 187 keppendur skráðir til leiks og okkar árangur var eftirfarandi.

26. Sæti Arnar Davíð, 49. Sæti Andrés Páll, 50. Sæti Jón Ingi, 72. Sæti Gústaf Smári, 120. Sæti Einar Már, og 125. Sæti Gunnar Þór

Tvímeningur: 6. Sæti Arnar Davíð og Jón Ingi. 45. Sæti Andrés Páll og Gústaf Smári. 49. Sæti Einar Már og Gunnar Þór.

Þrímenningur: 20. Sæti Arnar, Andrés og Jón Ingi. 24. Sæti Einar, Gunnar og Gústaf.

Liðakeppni : 13. Sæti af 31

Í samanlögðu þá endaði Andrés Páll í 22. Sæti og komst í Master úrslit en tapaði fyrir Jan Macek frá Tékklandi í 1. Umferð.



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Afrekshópar karla og kvenna fóru í Bodytrax mælingu í febrúar sem er liður í því að halda betur utan um líkamlegt ástand leikmanna.

EM öldunga í júní

EM öldunga fór fram í Bologna á Ítalíu og kepptu þau Guðný Gunnarsdóttir, Bára Ágústsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Linda Hrönn Magnúsdóttir og Þórarinn Már Þorbjörnsson á mótinu fyrir hönd Íslands.

Guðný Gunnarsdóttir og Linda Hrönn Magnúsdóttir enduðu í 2. sæti í tvímenningi

Keppendur frá Íslandi tóku þátt á HM öldunga í Las Vegas í september.

Þórarinn Már Þorbjörnsson varð í 79. sæti af 159 sé tekið mið af meðaltali allra leikja einstaklinganna í keppninni með 191,06 í meðaltal. Guðmundur Sigurðsson varð í 118. sæti með 182,72 í meðaltal.

Guðný Gunnarsdóttir varð í 70. sæti af 101 keppendum í kvennaflokki með 172,94 í meðaltal og Linda Hrönn Magnúsdóttir varð í því 72. með 172, 67 í meðaltal.

Þjálfari og fararstjóri var Jóhann Ágúst Jóhannsson

Norðurlandamót ungmenna

Norðurlandamót ungmenna (u23) var haldið í Reykjavík í nóvember og kepptu 8 ungmenni fyrir Íslands hönd á því.

Landslið Íslands að þessu sinni skipa þau:

Piltar

- Alexander Halldórsson KFR
- Aron Fannar Benteinsson KFR
- Hlynur Örn Ómarsson ÍR
- Jóhann Ársæll Atlason ÍA



Stúlkur

- Eyrún Ingadóttir KFR
- Guðbjörg Sigurðardóttir Þór
- Hafðís Eva Laufdal Pétursdóttir ÍR
- Jóhanna Guðjónsdóttir ÍR

Þjálfari er Guðmundur Sigurðsson ÍA. Aðstoðarmenn eru Jónína Magnúsdóttir ÍA og Skúli Freyr Sigurðsson KFR.

Besta árangri íslensku ungmennunum náði Guðbjörg Harpa Sigurðardóttir Þór en hún endaði í 5. sæti í stúlknafllokki með 186,7 í meðaltal.

Best íslensku pilta spilaði Jóhann Ársæll Atlason ÍA en hann varð í 12. sæti með 203,2 í meðaltal.

Í liða keppni enduðu okkar stúlkur í 3. sæti og drengirnir í 4. sæti.

Í tvímenningi urðu stúlkurnar í 6. og 7. sæti og drengirnir í 7. og 8. Sæti.

1. deild kvenna

Staðan eftir 18. umferð

#	Lið	Leikir	U	J	T	U	J	T	Skor liðs móth.	Skor	Stj.	Stig	
	1 KFR-Valkyrjur		18	107	1	54	53	2	17	27.585	25.694	196	176,5
	2 ÍR-TT		18	95	3	64	50	0	22	27.027	25.723	200	158,5
	3 KFR-Afturgöngurnar		18	94	3	65	46	2	24	25.808	24.968	155	154,5
	4 ÍR-Buff		18	94	3	65	41	0	31	27.198	25.610	209	146,5
	5 ÍR-SK		18	76	4	82	38	0	34	26.192	26.128	175	125
	6 ÍR-Elding		18	64	4	94	23	0	49	24.369	25.768	130	95
	7 ÍR-BK		18	57	1	104	22	0	50	24.157	25.741	120	84,5
	8 KFR-Skutlurnar		18	50	3	109	13	0	59	23.471	26.175	90	67,5

Árangur liða

KFR-Valkyrjur

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur		
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik	Sería
Dagný Edda Þórisdóttir		47	8.428	179,32	39	0,8	172	3,7	231	618	
Hafís Pála Jónasdóttir		35	6.000	171,43	22	0,6	131	3,7	232	590	
Katrín Fjola Bragadóttir		52	8.308	159,77	29,5	0,6	143	2,8	235	578	
Marika Katarína E. Lönnroth		28	4.849	173,18	17	0,6	95	3,4	244	638	

ÍR-TT

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik
Guðný Gunnarsdóttir		54	8.937	165,5	34	0,6	143	2,6	204	561
Jónína Ólöf Sighvatsdóttir		3	373	124,33	0	0	6	2	135	373
Karen Hilmarsdóttir		6	910	151,67	2	0,3	17	2,8	183	468
Linda Hrönn Magnúsdóttir		51	8.827	173,08	32,5	0,6	173	3,4	255	613
Sigríður Klemensdóttir		48	7.980	166,25	28	0,6	145	3	218	567

KFR-Afturgöngurnar

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik
Harpa Sif Jóhannsdóttir		39	6.186	158,62	22	0,6	118	3	220	555
Helga Sigurðardóttir		54	8.981	166,31	37,5	0,7	147	2,7	213	567
Jóna Gunnarsdóttir		27	3.943	146,04	11	0,4	52	1,9	189	484
Ragna Guðrún Magnúsdóttir		42	6.698	159,48	25	0,6	95	2,3	212	543

ÍR-Buff

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik
Ástrós Pétursdóttir		48	8.514	177,38	29,5	0,6	174	3,6	236	604
Bergþóra Rós Ólafsdóttir		36	5.797	161,03	18,5	0,5	84	2,3	205	547
Elva Rós Hannesdóttir		19	3.040	160	12	0,6	60	3,2	200	513
Guðrún Soffía Guðmundsdóttir		16	2.874	179,63	13	0,8	67	4,2	213	601
Jóhanna Ósk Guðjónsdóttir		43	6.973	162,16	22,5	0,5	125	2,9	246	598

ÍR-SK

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik
Guðbjörg Lind Valdimarsdóttir		54	8.226	152,33	16,5	0,3	136	2,5	226	579
Margrét Björg Jónsdóttir		54	8.451	156,5	28,5	0,5	135	2,5	210	527
Nanna Hólm Davíðsdóttir		54	9.515	176,2	33	0,6	204	3,8	244	675

ÍR-Elding

Nafn	Vensl	Skor vetrar			Stig vetrar		Fellur vetrar		Besti árangur	
		#	L	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Samt.	Mtl.	Leik
Ana Rita Andreade Gomes		53	8.469	159,79	26	0,5	149	2,8	219	586
Anna Kristín Óladóttir		49	7.287	148,71	21,5	0,4	105	2,1	212	529
Heiðrún Dúadóttir		3	308	102,67	0	0	5	1,7	113	308
Karenina Kristín Chiodo		51	7.440	145,88	16,5	0,3	128	2,5	220	514

Katerina Klofácová	6	865	144,17	2	0,3	15	2,5	200	407
--------------------	---	-----	--------	---	-----	----	-----	-----	-----

ÍR-BK

